Reykjavík

[]

Frístundaheimilið Undraland

Aðgerðaráætlun 2026-2027



LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 4
Umbótaáætlun 2026-2027 5
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 6
Helstu dagsetningar 6
- Ágúst 6
- September 6
- Október 6
- Nóvember 7
- Desember 7
- Janúar 7
- Febrúar 7
- Mars 7
- Apríl 8
- Maí 8
- Júní 8
- Júlí 8

Inngangur

Í þessari aðgerðaráætlun er fjallað um innra mat Undralands auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Frístundaheimilið Undraland þjónustar börn á aldrinum 6-7 ára í Grandaskóla. Forstöðumaður er James Weston og starfandi aðstoðarforstöðumaður er Halldór Smári Arnarsson. Starfsmenn eru 16 og margir með fjölbreytta menntun og reynslu.

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag

Leiðarljós, hlutverk, framtíðarsýn og gildi

Leiðarljós

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk og framtíðarsýn

Að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum.

Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs er að gefa börnum og ungmennum rík tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra í leik, námi, starfi og lífinu almennt.

Einnig hefur sviðið sett sér það hlutverk að vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi. Frístundastarf Reykjavíkurborgar leggur áherslu á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á frístundaheimilum er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt að heilbrigðum lífsstíl og virkni í samfélaginu.

Áætlunin er í takt við skólaárið og nær frá 23.ágúst 2026.- ágúst 2027. Hér á eftir munum við lista upp helstu verkefnin og viðburðina sem eru í hverjum mánuði starfsársins fyrir sig. Þess ber að gæta að þessi listi er ekki tæmandi eða bindandi, enda er starfið okkar lifandi vettvangur sem tekur mið af þörfum þess barna- og starfsmannahóps sem hjá okkur er. Hann á þó að gefa góða mynd af því hvernig við vinnum og hvernig við setjum framangreind markmið og áhersluþætti í framkvæmd í raunverulegum verkefnum. Ávallt er boðið upp á útiveru, hreyfingu og frjálsan leik í bland við fjölbreyttar smiðjur, klúbba og þematengd verkefni. Með þessu móti náum við góðu jafnvægi á milli þess að leyfa börnunum að njóta sín með félögum sínum og sinna sínum hugðarefnum þegar formlegri dagskrá skólans lýkur og að fá útrás fyrir hreyfiþörf sína, náttúrulega forvitni og skapandi hugsun þannig að þau fái það mesta út úr veru sinni í frístundaheimilinu.

Áhersla er lögð á það að styðja við lestrarnám barnanna með óformlegum hætti, svo sem með því að hafa gott aðgengi að bókum í frístundaheimilinu og með því að hafa ritmálið sýnilegt í umhverfinu, m.a. með því að merkja helstu hluti og rými í starfinu með bæði orðmynd og mynd. Þannig náum við líka að styðja við og ýta undir markvisst íslenskunám hjá börnum sem ekki eru með íslensku að móðurmáli. Við erum einnig dugleg að nýta okkur bókasöfnin í hverfinu á frídögum og erum í góðu samstarfi við skólabókasafnið.

Við vinnum út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Menntastefna Reykjavíkurborgar er ætlað að endurspegla grunngildi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess með það að markmiði að búa það undir að lifa ábyrgðu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar, þar sem við leitum fjölbreyttra leiða til að fá fram sjónarmið og raddir barnanna og notum við til þess fjölbreyttar leiðir. Eitt af því sem við gerum er að hafa hugmyndakassa þar sem þau geta sett hugmyndir og tillögur til starfsmanna hvenær sem þeim dettur í hug og úr þeim er unnið. Við minnum reglulega á hugmyndakassann og bjóðumst til að aðstoða börnin við að koma hugmyndum sínum í kassann. Á starfsmannafundum förum við yfir hugmyndir og reynum að framkvæma þær eftir bestu getu.

Við erum dugleg við að nota opinn efnivið og flétta tækninni inn í starfið okkar þannig að börnum gefist færi á að fá sem flesta snertifleti við verk-, tækni- og listnám. Við leggjum áherslu á skapandi verkefni, hvort sem er í stuttum smiðjum eða lengri klúbbum og reynum að flétta saman skapandi vinnu og verklegri vinnu þar sem þau þjálfast í meðferð áhalda, s.s. með skartgripagerð, vísindatilraunir, leiklist, ljósmyndun o.s.frv.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri byggt á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnið út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Skýrt og vel skipulagt dagsskipulag sem skapar öryggi og fyrirsjáanleika fyrir börn og starfsfólk.
- Börn þekkja vel rútínur dagsins og eiga auðvelt með að taka þátt í starfinu.
- Fjölbreytt dagskrá þar sem jafnvægi er á milli skipulagðra verkefna, frjáls leiks og útivistar.
- Öflugt og jákvætt samband starfsfólks og barna.
- Mikil þátttaka barna í fjölbreyttum verkefnum og viðburðum.
- Gott samstarf við Grandaskóla og aðra samstarfsaðila.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Efla enn frekar formlega þátttöku barna í barnalýðræð ogi í skipulagningu starfs
- Styrkja upplýsingamiðlun milli svæða og starfsfólks.
- Skýra betur væntingar og reglur á öllum svæðum.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Aukin þátttaka barna í skipulagningu starfs	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Börnin - Lýðræði og þátttaka
Tækifæri til umbóta.	Fá fleiri börn til að hafa áhrif á starfsemi og val verkefna.
Aðgerðir til umbóta.	Halda regluleg barnaráð, hugmyndakassa og kosningar um þemaverkefni og viðburði.
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 - maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Barnakannanir, skráning mætinga og umræður í barnaráði í janúar og maí
Viðmið um árangur	Meirihluti barna upplifir að þau hafi áhrif á starfsemina samkvæmt könnun.

Heiti aðgerðar: Skýra betur væntingar og reglur á öllum svæðum	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sameiginleg gildi og væntingar
Tækifæri til umbóta.	Tryggja sameiginlegan skilning barna og starfsfólks á væntingum, samskiptum og umgengni á öllum svæðum Undralands.
Aðgerðir til umbóta.	Unnið verður með börnum að gerð sameiginlegs sáttmála fyrir Undraland. Börnin taka þátt í umræðum um hvernig góður félagi er, hvernig við komum fram við hvert annað og hvernig við göngum um húsnæði og útisvæði. Út frá þeirri vinnu verða mótaðar skýrar, jákvæðar og sýnilegar reglur sem verða birtar á öllum svæðum og reglulega rifjaðar upp með börnum og starfsfólki.
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember – desember 2026
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Barnakannanir, skráning mætinga og umræður í barnaráði í janúar og maí
Viðmið um árangur	Sáttmáli hefur verið unninn í samstarfi við börn, er sýnilegur á öllum svæðum og börn geta útskýrt helstu reglur og gildi Undralands.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Undraland hefur undanfarin tvö ár tekið markviss skref í átt að því að verða Réttindafrístund samkvæmt viðmiðum UNICEF og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á starfsárinu 2025-2026 hófst formleg innleiðing verkefnisins þar sem lögð var áhersla á að efla þekkingu starfsfólks á réttindum barna, auka þátttöku barna í ákvarðanatöku og tryggja að rödd barna hefði raunverulegt vægi í daglegu starfi. Á árinu 2026-2027 hefur þeirri vinnu verið haldið áfram með markvissum hætti, meðal annars með barnafundum, aukinni þátttöku barna í skipulagningu verkefna, reglulegri endurskoðun á starfsháttum og vinnu við sameiginlegan sáttmála sem mótaður er í samstarfi við börnin sjálf. Jafnframt hefur verið unnið að því að tryggja að réttindi barna endurspeglist í samskiptum, skipulagi, umhverfi og menningu Undralands. Í nóvember 2026 lýkur formlegu innleiðingarferlinu og mun Undraland hljóta viðurkenningu UNICEF sem Réttindafrístund.

Viðurkenningin er staðfesting á þeirri vinnu sem börn og starfsfólk hafa unnið saman að og endurspeglar þá stefnu Undralands að skapa öruggt, lýðræðislegt og uppbyggilegt frístundaumhverfi þar sem réttindi, vellíðan og þátttaka allra barna eru höfð að leiðarljósi.

Helstu dagsetningar

Ágúst

Við kveðjum sumarstarfið og gerum okkur tilbúin að taka á móti börnin í vetrarstarf þegar skólinn opnar.

- Sumarstarfs hefst aftur **4. ágúst**
- Starfsdagur **21. ágúst**
- Skólasetning 24. **ágúst (starfsdagur Undralands)**
- Vetrarstarf Undralands byrjar

September

Þemavika mánaðarins: Heilsuvika

Í september leggjum við áherslu á að kynnast starfinu, efla hópinn og skapa jákvæðan anda í upphafi skólaárs. Sérstök áhersla er lögð á líkamlega, andlega og félagslega heilsu barna. Börnin taka þátt í hreyfileikjum, útiveru, samverustundum og verkefnum sem styðja við vellíðan, sjálfstraust og vináttu.

- Klúbbar og smiðjur hefjast.
- Foreldrakynning.
- Kynning á reglum, gildum og starfi Undralands.
- Lengd viðvera: **30. september**

Október

Þemavika mánaðarins: Vísindavika
Í október fá börnin tækifæri til að rannsaka, uppgötva og skapa. Unnið er með einfaldar tilraunir, náttúrufræði, tækni og skapandi lausnaleit þar sem forvitni barnanna fær að njóta sín.

- Haustfrí –Undrand lokar. Starfsfólk **22.-26 október**. Það verður fræðsla fyrir starfsfólk auk þess, starfsfólk Undralands vinnur í Vináttugreining barna og innri skipulag starfsins
- Lengd viðvera **14. og 27. október**
- Hrekkjavaka og búningadagur **30. október.**

Nóvember

Þemavika mánaðarins: Barnaréttindavika
Í nóvember er lögð áhersla á vináttu, virðingu og þátttöku. Börnin kynnast réttindum sínum á aldurshæfan hátt og taka þátt í verkefnum sem efla jákvæð samskipti og lýðræðislega þátttöku.

- Undraland vinnur að viðurkenningu Réttindafrístund UNICEF
- Kynna verkefninu til barnanna
- Lengd viðvera **27. nóvember**
- Bárattudagur gegn einelti **8. nóvember.**
- Undirbúningur fyrir jólastarf.

Desember

Þemavika mánaðarins: Jólamarkaður og SOS Barnaþorp
Í desember skapast notalegt og hátíðlegt andrúmsloft. Áhersla er lögð á samveru, sköpun, gleði og samfélagsvitund.

- Kynning frá SOS Barnaþorp fyrir bornin og stuðningsbarnið okkar Delina.
- Jólasmiðjur.
- Jólamarkaður til styrktar SOS Barnaþorp
- Lengd viðvera: **21., 22., 23., 28. 29. og 30. Desember**
- **Lokað 24.-25. desember**

Janúar

Þemavika mánaðarins: Fjölmenningarvika
Í janúar leggjum við áherslu á fjölbreytileika samfélagsins og styrkleikana sem felast í ólíkum bakgrunni, tungumálum og menningu.

- Fjölmenningarvika.
- Kynning á menningarheimum barnanna.
- Leikir og verkefni frá ólíkum löndum.
- Barnafundir.
- Lengd viðvera **4. janúar**

Febrúar

Þemavika mánaðarins: Fjölmiðlalæsi
Í febrúar fá börnin tækifæri til að vinna með skapandi tjáningu og læra um stafrænt umhverfi sitt.

- Öskudagur: 10 febrúar – skertur dagur í skólanum.
- Skapandi verkefni.
- Vetrarfrí 22.-23. Vináttugreining, fræðsla og innri skipulag
- Lengd viðvera **4. og 5. febrúar**

Mars

Þemavika mánaðarins: Umhverfisvika
Í mars er athyglinni beint að náttúrunni, sjálfbærni og ábyrgð gagnvart umhverfinu.

- Verkefni tengd nærumhverfi Grandaskóla.

- Páskaföndur.
- Lengd viðvera **22.-24 mars**
- Lokað: **25.-29. mars**

Apríl

Þemavika mánaðarins: Barnamenningarvika

Í tengslum við Barnamenningarhátíð Reykjavíkur njóta börnin lista og menningar og skapa eigin verk á fjölbreyttan hátt.

- Barnamenningarvika
- **Undrabörn** – hæfilekakeppni Undralands **21. apríl**. Undirbúnigur hefst strax í byrjun apríl
- Starfsdagur **27. apríl**
- Kynning á sumarstarfi.

Maí

Þemavika mánaðarins: Fjölbreytileikavika

Í maí leggjum við áherslu á vináttu, fjölbreytileika og aukna útivist.

- Vettvangsferðir.
- Regnbogahlaup frístundaheimila.
- Undirbúningur sumarfrístundar.

Júní

Sumarstarfið einkennist af leik, hreyfingu, útiveru og upplifun.

- Sumarfrístund hefst.
- Vettvangsferðir.

Júlí

Áfram er lögð áhersla á fjölbreytta dagskrá sem byggir á leik, samveru og útivist.

- Undraland lokar í sumarfrí